



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni:

Þann 20. maí 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um notkun farsótt húss:

Flokkur fólksins leggur til að velferðarsvið skoði hvort nota megi farsóttahúsið, sem nú á að loka, fyrir mögulegt annars konar félagslegt úrræði. Nú hefur farsóttahúsinu verið lokað þar sem kórónuveiran er á undanhaldi. Flokkur fólksins leggur til að skoðað verði hvort að hægt verði að nota þetta úrræði í öðrum félagslegum tilgangi. Það er alveg ljóst ef marka má skjót viðbrögð að skapa heimilisáðstæður fyrir fólk í neyð eins og þegar veirufaraldurinn skall á að enginn á að þurfa að vera heimilislaus í Reykjavík hvort sem faraldur geisar eða ekki. Það er fólk sem er í stökustu húsnæðisvandráðum þar sem það hefur ekki nægjanlegar tekjur til að greiða leigu. Enn bíða rúmlega 600 manns/fjölskyldur eftir félagslegu húsnæði. Það kann að vera að horfa megi sem dæmi á farsóttahúsið sem mögulegt úrræði til aðstoða fólk sem er í húsnæðiserfiðleikum af einhverjum ástæðum.

Umsögn:

Velferðarsvið tekur undir þá ábendingu að vel hafi verið brugðist við vegna Covid-19 faraldursins hvað varðar að setja upp Farsóttarhús fyrir einstaklinga sem gátu ekki verið á heimili sínu í einangrun eða áttu ekki í önnur hús að venda. Í dag rekur velferðarsvið þrjú neyðarskýli fyrir fólk sem er heimilislaust og á við mikinn og flókinn vanda að stríða. Áhersla velferðarráðs varðandi aðra hópa er að stuðla sem mest að félagslegri blöndun og aðstoða einstaklinga við að komast í varanlegt leiguhúsnæði. Sum sóttvarnarhúsanna, s.s. í Skipholti gætu hentað tilteknum hópum, þar sem stærðin er ákjósanleg (pláss fyrir 8 konur). Það húsnæði er enn í notkun vegna Covid-19 en þörf á að tryggja rekstrarkostnað áfram í samstarfi við ríkið. Sjúkratryggingar veittu fjárheimild til reksturs sóttvarnarhúss á Rauðarárstíg sem Rauði krossin rekur og er það

enn í notkun. Þar eru 78 herbergi og er það mat sviðsins að það gæti verið of stór eining og kostnaðarsöm í rekstri til að nýta sem tímabundið úrræði fyrir fólk sem á í húsnæðis- og félagslegum vanda.